



Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðunnar  
1. janúar - 30. júní 2023  
í evrum

Brim hf.  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Yfirlit um heildarafkomu .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Eiginfjáryfirlit .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Brims hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru tekjur samstæðunnar af seldum vörum á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023 222 millj. evrur (1. janúar til 30. júní 2022 242 millj. evrur). Hagnaður tímabilsins var 29 millj. evrur samanborið við 49 millj. evrur á sama tímabili árið áður.

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 442 millj. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

## Rekstur tímabilsins

Að lokinni loðnuvertíð snéru uppsjávarskip félagsins sér að kolmunnaveiðum og lönduðu 30.000 tonnum af kolmunna á öðrum ársfjórðungi. Kolmunninn var unninn í fiskimjölsverksmiðjum félagsins á Akranesi og Vopnafirði. Auk afla af eigin skipum Brims tók verksmiðjan á Vopnafirði á móti tæpum 7.500 tonnum af færeyskum skipum þannig að mótttekið magn í fiskimjölsverksmiðjum félagsins var sambærilegt og á öðrum ársfjórðungi árið áður. Veiði á kolmunna var með besta móti og verð á fiskimjöli hátt. Í lok annars ársfjórðungs héldu uppsjávarskipin til makrílveiða og kom fyrstu farmarnir á land í lok júní.

Bolfiskveiðar og -vinnsla gengu heilt yfir vel að undanskildum veiðum á ufsa sem héldu áfram að valda vonbrigðum á öðrum ársfjórðungi eins og á þeim fyrsta. Afli bolfiskskipa félagsins var um 10.300 tonn á öðrum ársfjórðungi en var um 13.300 tonn árið áður. Afurðaverð á ferskum landunnum bolfiskafurðum var hátt en á móti gaf afurðaverð á sjófrystum þorsk- og ýsufurðum talsvert eftir frá því sem var á sama tímabili í fyrra.

Fjármagnskostnaður hækkar frá fyrra ári vegna hærra vaxtastigs

## Fjárfestingar og fjármögnun

Í apríl var endanlega gengið frá viðskiptum vegna kaupa Brims á 50% hlut í Polar Seafood Denmark A/S eftir að allir fyrirvarar samningsins voru uppfylltir. Samið var um kaup á frystitogaranum Tuukkaq frá Grænlandi í júní og hefur skipið fengið nafnið Þerney.

Lokið var við endurfjármögnun móðurfélagsins í júní með 220 milljón evra sjálfbærnitengdu sambankaláni. Auk þess hefur félagið tryggt sér lánalínur að fjárhæð 35 milljón evra.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2023 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023.

Stjórn og forstjóri Brims hf. hefur í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 og staðfestir hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2023.

Stjórn félagsins:

Kristján Þ. Davíðsson  
Kristrún Heimisdóttir

Anna G. Sverrisdóttir  
Magnús Gústafsson

Hjálmar Kristjánsson

Forstjóri:

Guðmundur Kristjánsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Brims hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Brims hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um *könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 24. ágúst 2023.

**Deloitte ehf.**

Ingví Björn Bergmann  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2023

	Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
		2023	2022	2023	2022
		1.4.-30.6.*	1.4.-30.6.*	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Seldar vörur .....		108.831	148.335	222.206	242.288
Kostnaðarverð seldra vara .....		( 90.591)	( 113.451)	( 173.550)	( 165.804)
<b>Vergur hagnaður</b> .....		<u>18.240</u>	<u>34.884</u>	<u>48.656</u>	<u>76.484</u>
Aðrar tekjur .....		295	0	295	0
Útflutningskostnaður .....		( 2.925)	( 3.400)	( 5.438)	( 6.189)
Annar rekstrarkostnaður .....	8	( 3.429)	( 3.699)	( 6.496)	( 10.486)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		<u>12.181</u>	<u>27.785</u>	<u>37.017</u>	<u>59.809</u>
Fjáreignatekjur .....		1.244	792	2.421	1.661
Fjármagnsgjöld .....		( 4.709)	( 1.925)	( 8.439)	( 3.726)
Gengismunur .....		775	838	( 4)	976
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....		( 2.690)	( 295)	( 6.022)	( 1.089)
Áhrif hlutdeildarféлага .....		2.578	739	4.600	1.834
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		12.069	28.229	35.595	60.554
Tekjuskattur .....		( 1.656)	( 5.768)	( 6.320)	( 11.696)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....		<u>10.413</u>	<u>22.461</u>	<u>29.275</u>	<u>48.858</u>
<b>EBITDA</b> .....		<u>16.203</u>	<u>31.864</u>	<u>45.302</u>	<u>68.087</u>
<b>Hagnaður á hlut:</b>					
Grunnhagnaður og þynntur					
hagnaður á hlut .....		0,0054	0,0117	0,0152	0,0254

\* Rekstrarreikningur fyrsta ársfjórðungs 2023 og 2022 var hvorki kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2022

	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
	2023	2022	2023	2022
	1.4.-30.6.*	1.4.-30.6.*	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Hagnaður tímabilsins.....	10.413	22.461	29.275	48.858
<b>Rekstrarliðir færðir á eigið fé:</b>				
<b>Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:</b>				
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum .....	( 2.759)	722	( 2.946)	1.164
Áhættuvarnir vegna langtímaskulda .....	802	279	( 934)	505
<b>Heildarafkoma tímabilsins.....</b>	<u>8.456</u>	<u>23.462</u>	<u>25.395</u>	<u>50.527</u>

\* Yfirlit um heildarafkomu fyrsta ársfjórðungs 2023 og 2022 var hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Efnahagsreikningur 30. júní 2023

		30.6.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	6	224.870	199.008
Óefnislegar eignir .....		401.958	391.511
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	5	135.752	47.363
Langtímakröfur á tengda aðila .....		34.910	24.980
Aðrar fjárfestingar .....		1.592	1.478
		<u>799.082</u>	<u>664.340</u>
Birgðir .....	9	73.921	74.854
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		54.487	34.074
Kröfur á tengda aðila .....		4.984	7.644
Handbært fé .....		22.609	161.975
		<u>156.001</u>	<u>278.547</u>
		<b>Eignir samtals</b>	<b>Eignir samtals</b>
		<u>955.083</u>	<u>942.887</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		20.083	20.083
Lögbundinn varasjóður og yfirverðsreikningur hlutfjár .....		61.686	61.686
Þýðingarmunur .....	(	3.226)	( 280)
Annað bundið eigið fé .....		59.161	57.555
Óráðstafað eigið fé .....		303.952	313.231
		<u>441.656</u>	<u>452.275</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	10	345.849	136.777
Tekjuskattsskuldbinding .....		76.669	77.721
		<u>422.518</u>	<u>214.498</u>
Vaxtaberandi skuldir .....	10	22.276	230.246
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		61.315	25.519
Skuldir við tengda aðila .....		143	2.439
Skattar til greiðslu .....		7.175	17.910
		<u>90.909</u>	<u>276.114</u>
		<b>Skuldir samtals</b>	<b>Skuldir samtals</b>
		<u>513.427</u>	<u>490.612</u>
		<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>
		<u>955.083</u>	<u>942.887</u>

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2023

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður og yfirverðs- reikningur	Þýðingar- munur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>1. janúar til 30. júní 2022</b>						
Eigið fé 1.1.2022 .....	20.052	59.431	865	62.032	256.026	398.406
Afhent eigin bréf .....	30	2.212				2.242
Greiddur arður 2,1 kr. á hlut .....					( 29.276)	( 29.276)
Heildarhagnaður tímabilsins .....			1.164		48.858	50.022
Áhættuvarnir langtímaskulda .....				505		505
Millifært af bundnu eigin fé .....				( 9.946)	9.946	
Eigið fé 30.6.2022 .....	<u>20.082</u>	<u>61.643</u>	<u>2.029</u>	<u>52.591</u>	<u>285.554</u>	<u>421.899</u>
<b>1. janúar til 30. júní 2023</b>						
Eigið fé 1.1.2023 .....	20.083	61.686	( 280)	57.555	313.231	452.275
Greiddur arður, 2,8 kr. á hlut .....					( 36.014)	( 36.014)
Heildarhagnaður tímabilsins .....			( 2.946)		29.275	26.329
Áhættuvarnir langtímaskulda .....				( 934)		( 934)
Millifært á bundið eigið fé .....				2.540	( 2.540)	
Eigið fé 30.6.2023 .....	<u>20.083</u>	<u>61.686</u>	<u>( 3.226)</u>	<u>59.161</u>	<u>303.952</u>	<u>441.656</u>



# Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2023

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Rekstrarhagnaður tímabilsins .....	37.017	59.809
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afhent eigin bréf .....	0	2.242
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....	0	( 34)
Söluhagnaður aflaheimilda .....	( 295)	0
Afskriftir .....	8.580	8.312
	<u>45.302</u>	<u>70.329</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum .....	( 20.898)	( 34.770)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum .....	3.377	11.217
	<u>( 17.521)</u>	<u>( 23.553)</u>
Innheimtar vaxtatekjur .....	2.421	1.661
Greidd vaxtagjöld .....	( 8.406)	( 3.612)
Greiddir skattar .....	( 5.779)	( 3.520)
Handbært fé frá rekstri	<u>16.017</u>	<u>41.305</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	( 16.442)	( 1.887)
Fjárfesting í aflaheimildum .....	( 12.135)	( 467)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	0	135
Söluverð aflaheimilda .....	467	0
Innborganir lánveitinga til tengdra aðila .....	301	56.238
Lánveitingar til tengdra aðila .....	( 10.185)	( 2.896)
Arður af eignarhlutum .....	672	0
Fjárfesting í eignarhlutum í hlutdeildar- og öðrum félögum .....	( 84.143)	( 123)
Fjárfestingarhreyfingar	<u>( 121.465)</u>	<u>51.000</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Greiddur arður .....	( 36.014)	( 29.276)
Skammtímalán .....	0	( 5.707)
Ný langtímalán .....	220.000	16.984
Afborganir langtímalána .....	( 217.904)	( 8.261)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>( 33.918)</u>	<u>( 26.260)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....	( 139.366)	66.045
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	<u>161.975</u>	<u>76.889</u>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b> .....	<u>22.609</u>	<u>142.934</u>

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Brim hf. "Félagið" er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga", og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Brim hf. og dótturfélög gera í lok tímabilsins út níu fiskiskip og vinna fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akranesi og Vopnafirði og selja afurðirnar víða um heim. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni til sjós og lands og gæði afurða.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Brims hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2022.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 24. ágúst 2023.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2022. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess [www.brim.is](http://www.brim.is) og á vef Kauphallar Íslands; [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Árshlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 5. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Þann 13 apríl var endanlega gengið frá viðskiptum vegna kaupa Brims á 50% hlut í Polar Seafood Denmark A/S eftir að allir fyrirvarar samningsins voru uppfylltir. Fjárfesting Brims er færð sem fjárfesting í hlutdeildarfélögum í efnahagsreikningi. Í árshlutareikningnum er færð hlutdeild í afkomu félagsins frá kaupum til loka júní. Kaupverð nam 84 milljónum evra, auk þess sem Brim veitti félaginu lán að fjárhæð 10 milljónir evra sem fært er meðal langtímakrafna á tengd félög í efnahagsreikningi.

## 6. Rekstrarfjármunir

Þann 30. júní var undirritað samkomulag um kaup á frystitogaranum Tuukkaq, viðskiptin voru svo kláruð í júlí. Heildarkaupverðið er 19,9 milljónir evra og voru 10% greidd þann 30. júní. Áætlað er að skipið fari til veiða í september undir nafninu Þerney RE-3. Í framhaldinu verður frystitogarinn Örfirisey RE-4 seldur.

## 7. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Samstæðan skiptist í fjóra starfspætti, sem skiptast eftir útgerðarþáttum og eðli starfseminnar. Starfspættirnir eru; Botnfisksvið, Uppsjársvið, Sölufélög í Asíu og annað sem eru starfsemi dótturfélaga annarra en þeirra sem falla undir aðra starfspætti samstæðunnar.

## Skýringar, frh.:

	Botnfisk- svið	Uppsjávar- svið	Sölufélög í Asíu	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
<b>Starfsþættir 1.1.-30.6.2023</b>						
Seldar vörur .....	76.498	71.349	76.972	11.200	( 13.813)	222.206
Kostnaðarverð .....	( 57.859)	( 43.193)	( 74.628)	( 11.619)	13.749	( 173.550)
Vergur hagnaður .....	18.639	28.156	2.344	( 419)	( 64)	48.656
Aðrar rekstrartekjur .....	295					295
Útflutningskostnaður .....	( 2.582)	( 2.354)		( 502)		( 5.438)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 2.638)	( 2.554)	( 637)	( 667)		( 6.496)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....	<b>13.419</b>	<b>23.248</b>	<b>1.707</b>	<b>( 1.588)</b>	<b>( 64)</b>	<b>37.017</b>
Fjármagnsliðir .....						( 6.022)
Áhrif hlutdeildarféлага .....						4.600
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....						35.595
Tekjuskattur .....						( 6.320)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....						<b>29.275</b>
<b>Starfsþættir 1.1.-30.6.2022</b>						
Seldar vörur .....	84.980	95.952	90.367	8.731	( 37.742)	242.288
Kostnaðarverð .....	( 59.606)	( 47.927)	( 86.807)	( 6.191)	34.727	( 165.804)
Vergur hagnaður .....	25.374	48.025	3.560	2.540	( 3.015)	76.484
Útflutningskostnaður .....	( 3.036)	( 2.679)		( 474)		( 6.189)
Annar rekstrarkostn. * .....	( 2.577)	( 2.459)	( 586)	( 4.864)		( 10.486)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....	<b>19.761</b>	<b>42.887</b>	<b>2.974</b>	<b>( 2.798)</b>	<b>( 3.015)</b>	<b>59.809</b>
Fjármagnsliðir .....						( 1.089)
Áhrif hlutdeildarfélags .....						1.834
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....						60.554
Tekjuskattur .....						( 11.696)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....						<b>48.858</b>

\* Kostnaður vegna afhendingu á hlutum í félaginu að fjárhæð 4.039 þús. evrur til starfsmanna á árinu 2022 er færður til gjalda undir starfsþættinum annað.

	2023	2022
<b>8. Annar rekstrarkostnaður</b>	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	<b>1.1.-30.6.</b>	<b>1.1.-30.6.</b>
Laun og launatengd gjöld .....	2.100	1.941
Launakostnaður vegna afhendingar hlutabréfa til starfsmanna .....	0	4.039
Annar stjórnunarkostnaður .....	4.082	4.137
Markaðskostnaður .....	314	369
	<b>6.496</b>	<b>10.486</b>
<b>9. Birgðir</b>		
Birgðir greinast þannig:		
Afurðabirgðir .....	66.426	66.929
Rekstrarvörubirgðir .....	7.495	7.925
	<b>73.921</b>	<b>74.854</b>

### 10. Vaxtaberandi skuldir

Um miðjan júní var gengið frá endurfjármögnun á lánum móðurfélagsins með 220 milljón evra sambankaláni. Lánveitendur eru þrír alþjóðabankar; Rabobank, Nordea og DNB. Lánið er til fimm ára með 25 ára afborgunarferli. Í lánaskilmálum eru hvatar til aukinnar sjálfbærni þar sem skilgreindir eru árangursvísar á sviði umhverfis- og samfélagsmála og í samræmi við stefnu og markmið Brims. Auk þess hefur félagið tryggt sér 35 milljón evra lánalínur sem eru óádragnar 30.6.2023

## Skýringar, frh.:

---

### 11. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:	30.6.2023	31.12.2022
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	1,72	1,01
Lausafjárhlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	0,90	0,74
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn .....	0,46	0,48

### 12. Önnur mál

Í lok júlí tilkynnti félagið um sameiningu botnfiskvinnslu Fiskvinnslunnar Kambs ehf. í Hafnarfirði við botnfiskvinnsluna í Reykjavík. Áætlað er að hætta fiskvinnslu í Hafnarfirði í síðasta lagi 30. október næstkomandi. Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi veruleg áhrif á fjárhagsstöðu samstæðunnar.

## Ársfjórðungyfirlit

	2F 2023	1 F 2023	Samtals		
Seldar vörur .....	108.831	113.375	222.206		
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 90.591)	( 82.959)	( 173.550)		
<b>Vergur hagnaður</b> .....	18.240	30.416	48.656		
Aðrar rekstrartekjur .....	295	0	295		
Útflutningskostnaður .....	( 2.925)	( 2.513)	( 5.438)		
Annar rekstrarkostnaður .....	( 3.429)	( 3.067)	( 6.496)		
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....	12.181	24.836	37.017		
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 2.690)	( 3.332)	( 6.022)		
Áhrif hlutdeildarféлага .....	2.578	2.022	4.600		
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	12.069	23.526	35.595		
Tekjuskattur .....	( 1.656)	( 4.664)	( 6.320)		
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....	10.413	18.862	29.275		
EBITDA .....	16.203	29.099	45.302		
	4 F 2022	3 F 2022	2 F 2022	1 F 2022	Samtals
Seldar vörur .....	97.064	111.576	148.335	93.953	450.928
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 79.825)	( 76.131)	( 113.451)	( 52.353)	( 321.760)
<b>Vergur hagnaður</b> .....	17.239	35.445	34.884	41.600	129.168
Aðrar rekstrartekjur .....	0	0	0	0	0
Útflutningskostnaður .....	( 2.410)	( 2.675)	( 3.400)	( 2.789)	( 11.274)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 3.545)	( 2.561)	( 3.699)	( 6.787)	( 16.592)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....	11.284	30.209	27.785	32.024	101.302
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 2.330)	( 795)	( 295)	( 794)	( 4.214)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	( 24)	228	739	1.095	2.038
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	8.930	29.642	28.229	32.325	99.126
Tekjuskattur .....	( 1.707)	( 6.427)	( 5.768)	( 5.928)	( 19.830)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....	7.223	23.215	22.461	26.397	79.296
EBITDA .....	15.430	34.196	31.864	36.223	117.713

Ársfjórðungayfirlit hafa hvorki verið könnuð né endurskoðuð af endurskoðendum.